



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 4. júní 2024
24052291/005.05 JBG

Efni: Svarbréf vegna beiðni Árna Péturs Árnasonar um upplýsingar um hver beri lagalega og fjárhagslega ábyrgð á Héraðsskjalasafni Kópavogs

Bæjarstjórn Kópavogs ákvað á fundi sínum 25. apríl 2023 að leggja niður Héraðsskjalasafn Kópavogs. Þrátt fyrir að ákvörðun hafi verið tekin um að leggja safnið niður þá hefur það ekki raungerst að forminu til og verður ekki formlega lagt niður fyrr en öll starfsemi og safngögn hafa flust yfir til Þjóðskjalasafns Íslands. Núverandi áætlun miðar við 1. desember 2025 en getur tekið breytingum eftir atvikum s.s. vegna framvindu verkefnisins. Að framangreindu virtu er það Kópavogsbær sem ber í raun lagalega og fjárhagslega ábyrgð á héraðsskjalasafninu þar til það hefur verið formlega lagt niður. Eðli máls samkvæmt fer svo einnig um ábyrgð safnkosts á meðan hann í vörslu héraðsskjalasafnsins en við afhendingu hans til Þjóðskjalasafns Íslands eiga áhættuskiptin sér stað, þ.e.a.s. þegar einstaka safnkostir hafa verið afhentir Þjóðskjalasafninu og komnir í vörslur þess þá ber Þjóðskjalasafnið ábyrgð á þeim.

Virðingarfyllt,

Pálmi Þór Másson
Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs

